

Nd. **139. Frumvarp til laga** [75. mál]

um breyting á lögum nr. 29 frá 9. maí 1955, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Töluliður 2 í 3. grein laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar og koma til framkvæmda við úttekt jarðabóta vorið 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að framlag ríkisins til nýræktar verði hið sama hvort sem um „ræktun sanda“ eða „ræktun annars lands“ er að ræða.

Með lögum nr. 29/1955 var gerður sá munur á þessu að ræktun sanda var sett skör lægra en önnur ræktun. Þykir rétt að fullt framlag sé greitt til ræktunar sanda, þegar um fulla túnrækt er að ræða, alveg eins og þegar ræktaðar eru mýrar og móar og annað land, eins og ákveðið er í jarðræktarlögnum frá 1950.